

Vona 147. fundur skráningarráðs, 6. mars 2025 kl. 9-10:

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmsdóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson.

Einnig sat fundinn: Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gegnis

Ritari: María Bjarkadóttir

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og atriði rædd.

- OCLC record manager – Landskerfi hefur látið OCLC vita að áskrift hafi verið afþökkuð.

Fundargerð samþykkt.

2. Efnisorð – skjal frá efnisorðaráði

Kristín Lilja kynnti skjal um leiðbeiningar við efnisorðanotkun sem hefur verið unnið í samstarfi við Efnisorðaráð, fulltrúi þess í vinnunni var Ragna Steinarsdóttir.

Skjalið er samþykkt af skráningarráði.

Kristín Lilja setur skjalið inn í leiðbeiningar í Haskinu fljótlega og sendir einnig Vöndupóst.

3. Starfshópur um aðrar leturgerðir en latneskt (María og Kristín kynna)

Starfshópur um notkun á öðrum leturgerðum en latneskum hefur skilað niðurstöðum úr vinnu sinni og lagt fram tillögur um skráningu. Starfshópurinn skipaðu Berglind Hanna Jónsdóttir, Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir, Margrét Björnsdóttir, María Bjarkadóttir f.h. skráningarráðs og Rósa Björg Jónsdóttir. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Æskilegt er að skrá titil með upprunalegu letri ef það er hægt. Lagt er til að nota svið 245 áfram fyrir umritaðan titil, og nota svið 880 fyrir titil með upprunalegu letri. Svið 880 er hægt að tengja við svið 245, þegar það er gert birtist umritaður titill og titill með upprunalegu letri samhliða í sviði 245 við vistun færslunnar. Það þarf að útbúa færslusnið þar sem þessi svið eru til staðar til að auðvelda skrásetjurum vinnuna.
2. Lagt er til að nota umritunartölur Library of Congress sem viðmið og miða við enskt tungumál við umritun til að samræma verklag.
3. Lagt er til að skrá leturgerð og tungumál í 546 ef þörf þykir, t.d. ef notandinn getur ekki verið alveg viss um hvaða letur/tungumál er að ræða.
5. Þörf er á því að bæta ítarleitina á Leitir.is til að gera notendum kleift að leita eingöngu að tegund efnis og tungumáli, án annarra leitaraskilyrða.

Tillögur samþykktar.

4. Fræðslufundur skrásetjara

Fræðslufundur skrásetjara verður haldinn miðvikudaginn 28. maí 9-12.

Farið var yfir drög að dagskrá.

- Kynning á AI/machine learning í skráningu
- Efnisorð – kynning á nýuppfærðum reglum
- Skráning á ólíkum leturtegundum
- Safnfærslur – kynning á verklagi
- Skyldur skrásetjara

Gert er ráð fyrir kaffihléi um 10:15. Staður hefur ekki verið ákveðinn, Landskerfi heldur utan um það.

5. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 3. apríl.

Engin önnur mál á dagskrá

Fundið slitið 10:00